Nd. 676. **Tillaga til rökstuddrar dagskrár** [93. mál]

í málinu: Frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Frá Bjartmari Guðmundssyni og Gísla Guðmundssyni.

Þar sem ákvæði þessa frumvarps varðandi ráðstöfun á eignum og skuldum Flateyjarhrepps eru of óljós og ekki er heldur fyrirliggjandi vitneskja um, hverjar eignirnar eru né skuldirnar, og engin ákvæði eru í frv. um ráðstöfun á landi hreppsins vestan Flateyjarsunds, sem er Flateyjardalur og önnur verðmæt afréttarlönd. og að einnig er vitað, að sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu er því andvíg, að sveitarfélagið verði með lögum skilið frá sýslufélaginu, eins og sakir standa, telur deildin, að mál þetta þurfi að skoða nánar og því sé ótímabært að samþykkja frv., en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.